

**Nd.**

**286. Frumvarp til laga**

[149. mál]

um Íþróttakennaraskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

### I. KAFLI

#### Markmið og réttindi.

##### 1. gr.

Íþróttakennaraskóli Íslands skal búa nemendur sína undir kennslustörf í skólum í íþróttum svo og kennslu í félagsstörfum í skólum, stofnunum og félögum samkvæmt því, sem mælt er fyrir í lögum þessum og reglugerð samkvæmt þeim. Enn fremur skal skólinn búa þá undir kennslu í líkams- og heilsufræði og slysaþjálfun í barna- og gagnfræðastigsskólum.

##### 2. gr.

Próf frá Íþróttakennaraskóla Íslands veitir full réttindi til íþróttakennslu.

##### 3. gr.

Íþróttakennaraskóli Íslands er tveggja ára skóli. Námstími hvort skólaár skal eigi vera skemmri en 8½ mánuður, auk íþróttakennslu í 70 kennslustundir að sumrinu. Skólinn efnir til námskeiða fyrir íþróttakennara og leiðbeinendur í íþróttum eftir því sem fé er veitt til.

### II. KAFLI

#### Inntökuskilyrði, námsgreinar og próf.

##### 4. gr.

Almenn inntökuskilyrði í skólann eru þessi:

- a) að nemandi sé heilbrigður og vel hæfur til íþróttaiðkana,
- b) að nemandi sé óspilltur að siðferði og reglusamur,
- c) að nemandi sé eigi yngri en 18 ára eða verði 18 ára á því ári, er hann hefur nám.

##### 5. gr.

Inntaka nemenda er í höndum skólastjóra. Skólavist geta þeir hlotið, sem lokið hafa:

1. a) almennu kennaraprófi,
- b) stúdentsprófi,
- c) prófi með ákveðinni lágmarkseinkunn frá framhaldsdeild gagnfræðaskóla,
- d) prófi undirbúningsdeildar sérnáms Kennaraháskóla Íslands,
- e) heimilt skal að taka nemendur í skólann af öðrum skólastigum, enda sé undirbúningur þeirra fullnægjandi að dómi skólastjóra og skólanefndar, samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð.

Heimilt er að úrskurða um skólavist nemenda með hliðsjón af hæfniprófi eða öðrum matsaðferðum.

2. Rétt til náms í II. bekk eiga þeir, sem lokið hafa prófi eftir nám í I. bekk með ákveðinni lágmarkseinkunn samkvæmt reglugerð, að viðbættri ípróttakennslu í a. m. k. 70 kennslustundir.
3. Rétt til þátttöku í námskeiði fyrir leiðbeinendur í ípróttum eiga þeir, er náð hafa 18 ára aldri og hlotið meðmæli stjórnar hlutaðeigandi ungmenna- eða ípróttafélags.

#### 6. gr.

Í Ípróttakennaraskóla Íslands skal kenna þessar námsgreinar:

Lífisfræði, líffærafræði, uppeldis- og sálarfræði, heilsufræði, kennslufræði, kennsluæfingar, ípróttasögu, ípróttufræði, framsögn og fundarstjórn, slysaþjálf, leikfimi, sund, dans, hrynjandi (rytmik), knattleiki, barnaleiki, frjálsar ípróttir, glímu, skíða- og skautaiþróttir, leikreglur, bindindisfræði, vinnutækni, umferðarreglur, umsjón og eftirlit með ípróttatækjum og ípróttamannvirkjum.

Stefnt skal að því, að nemendur geti í samráði við skólustjóra kosið sér valgrein, sem þeir leggja sérstaka rækt við og öðlist meiri þekkingu í en almennt er tilskilið.

Heimilt er stjórn skólans að fjölga eða fækka kennslugreinum, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

Nánar skal kveðið á um námsefni í reglugerð, en skólanefnd ákveður námsefni á námskeiðum fyrir leiðbeinendur í samráði við viðkomandi sérsambönd.

#### 7. gr.

Próf skulu fara fram í lok hvors skólaárs. Skólustjóra er þó heimilt að ákveða próf í einstökum greinum á öðrum tíma. Ljúka má námi í einstökum greinum á fyrra skólaári. Skulu einkunnir í þeim greinum skráðar á ípróttakennaraprófskírteini. Æski nemandi að ganga undir sérstakt próf í valgrein sinni, er honum það heimilt.

Við lokapróf skulu prófdómendur skipaðir af menntamálaráðuneytinu, að fengnum tillögum skólustjóra.

Próf skulu fara fram í lok hvers leiðbeinendanámskeiðs. Viðkomandi sérsamband skipar prófdómara við próf leiðbeinenda með samþykki skólustjóra.

Nánar skal kveðið á um próf í reglugerð.

### III. KAFLI

#### Stjórn og starfsmenn skólans.

#### 8. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Skólaráð skal skipað skólustjóra, föstum kennurum skólans og fulltrúa nemenda. Það skal vera skólustjóra til aðstoðar um stjórn og rekstur.

Skólustjóri stjórnar fundum skólaráðs og kveður það til fundar eftir þörfum. Halda skal fund þegar meiri hluti skólaráðs æskir.

Skólanefnd skal vera skólustjóra til ráðuneytis og aðstoðar um málefni skólans. Hún skal þannig skipuð: Einn tilnefndur af Ípróttasambandi Íslands, einn af Ungmennafélagi Íslands, einn af stjórn Ípróttakennarafélags Íslands og ípróttafulltrúi ríkisins. Menntamálaráðuneytið skipar fimmta manninn og er hann formaður skólanefndar. Skólustjóri á sæti á fundum skólanefndar með málfrelsi og tillögurétti. Starfstímabil nefndarinnar er 3 ár.

Ákveða má nánar í reglugerð um starfssvið skólaráðs og skólanefndar.

**9. gr.**

Fastir starfsmenn skólans eru embættismenn ríkisins. Skólastjóri skal skipaður af forseta Íslands. Fastir kennarar og aðrir fastir starfsmenn skólans skulu skipaðir af ráðherra, og skal áður leitað umsagnar skólastjóra og skólanefndar.

Til að verða skipaður kennari við Íþróttakennaraskóla Íslands skal umsækjandi hafa lokið prófi frá viðurkenndum íþróttakennaraskóla, að viðbættu framhaldsnámi í sérgrein, sem yfirstjórn skólans metur gilt.

**10. gr.**

Skólinn skal vera svo vel búinn starfsliði, að hann geti rækt þær skyldur, er lög mæla fyrir um, og annast íþróttakennslu í öðrum opinberum skólum að Laugarvatni.

Skólastjóri ræður stundakennara og annað starfsfólk í samráði við menntamálaráðuneytið.

**11. gr.**

Launakjör skólastjóra, kennara og annarra fastra starfsmanna skulu ákveðin samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Yfirstjórn skólans ákveður kennsluskyldu skólastjóra. Námskeiðskennarar taka laun samkvæmt sömu reglum og gilda um stundakennslu. Þeir fá greiddan ferða- og dvalarkostnað samkvæmt gildandi reglum um greiðslu kostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins.

**12. gr.**

Heimilt er skólastjóra að kveðja kennara sér til aðstoðar við eftirlit og umsjón í skólanum. Enn fremur skulu kennarar starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð. Má þá fækka kennslustundum kennara með hliðsjón af slíkum aukastörfum.

**13. gr.**

Óski kennari, sem starfað hefur við skólann í 10 ár, eftir orlofi í allt að eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, skal hann senda yfirstjórn skólans beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofsárinu. Beiðni um orlof skal leggja fram með árs fyrirvara. Skal þess gætt, að orlof kennara torveldi ekki störf skólans.

Yfirstjórn skólans getur veitt kennurum allt að ársorlof með fullum launum.

**IV. KAFLI**

**Ýmis ákvæði.**

**14. gr.**

Skólinn hefur aðsetur að Laugarvatni, en ýmsir þættir í starfi hans mega fara fram á öðrum stöðum, eftir því sem þörf krefur og fjárhagur skólans leyfir.

**15. gr.**

Stofn- og rekstrarkostnaður skólans greiðist úr ríkissjóði.

**16. gr.**

Menntamálaráðuneytið getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

**17. gr.**

Með lögum þessum er úr gildi numinn IV. kafli laga nr. 16 frá 12. marz 1947, um menntun kennara, svo og önnur ákvæði, sem brjóta kunna í bága við lög þessi.

**18. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við upphaf skólaárs 1972.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 9. janúar 1958 skipaði menntamálaráðuneytið nefnd til þess að endurskoða gildandi lagafyrirmæli um Íþróttakennaraskóla Íslands. Í nefndinni áttu sæti Þorsteinn Einarsson, íþróttafulltrúi, formaður, Árni Guðmundsson, skólastjóri íþróttakennaraskólans, Hermann Guðmundsson, framkvæmdastjóri Í.S.Í., samkvæmt tilnefningu stjórnar Í.S.Í., Skúli Þorsteinsson námsstjóri, skv. tilnefningu U.M.F.Í., og Þórir Þorgeirsson, íþróttakennari, skv. tilnefningu stjórnar Íþróttakennarafélags Íslands.

Nefndin skilaði frumvarpi með bréfi, dagsettu 7. nóvember 1964.

Var frumvarpið lagt fram á síðasta Alþingi (91. löggjafarþingi) eftir að Þorsteinn Einarsson og Árni Guðmundsson höfðu endurskoðað það, en frv. varð eigi útrætt á þinginu. Hinn 13. apríl 1971 sendi menntamálaráðuneytið frumvarpið Íþróttasambandi Íslands, Ungmennafélagi Íslands, Íþróttakennarafélagi Íslands og Sambandi íslenskra kennaranema til umsagnar. Tvær umsagnir bárust, frá Íþróttakennarafélagi Íslands, dagsett 21. október 1971 og Sambandi íslenskra kennaranema, dagsett 27. október 1971. Eru þær birtar hér í heild sem fylgiskjöl I og II.

Frv. þetta er í höfuðatriðum eins og frumvarpið, sem lagt var fyrir síðasta Alþingi. Meginefni frv. er að breyta skólanum í tveggja vetra skóla og þótt tími sé naumur, er enn miðað við að skólinn hefji störf haustið 1972 samkvæmt ákvæðum þessa frv., ef að lögum verður.

#### Um 1. gr.

Til viðbótar því hlutverki, sem skólinn hefur gegnt samkvæmt lögum, er hér bætt inn því ákvæði, að skólinn búi nemendur undir að kenna líkams- og heilsufræði á barna- og gagnfræðaskólastigum. Íþróttakennarar eru vel undir kennsluna búnir vegna náms þeirra í þessum greinum og öðrum skyldum. Þá hafa einnig heyrt raddir um, að nauðsyn beri til að börnum og unglingum sé kennd skyndihjálp (hjálp í viðlögum). Íþróttakennarar fá allmikla kennslu í þessari grein, sem auka mætti verulega, ekki sízt verði skyndi- og sjúkrahjálp tekin upp sem námsgrein í íslenskum skólum. Vegna strjálbýlis og aðstæðna, sem landið býður upp á, er nokkur þekking í skyndihjálp afar nauðsynleg öllum þegnum þjóðfélagsins.

Þá er gert ráð fyrir því, að skólinn undirbúi nemendur svo að þeir geti síðar annazt íþróttakennslu og félagsstörf hjá ungmenna- og íþróttafélögum og stofnunum. Hér er átt við þau héraðssambönd og bæjarfélög, sem í stórauðnum mæli leitast við að ráða til sín íþróttakennara, sem hafa með höndum stjórn æskulýðsmála héraðsins eða byggðarlagsins.

#### Um 2. gr.

Hér er sérstaklega tekið fram, að skólinn veiti full réttindi til íþróttakennslu í öllum skólum landsins. Íþróttir eru skyldunámsgrein í íslenskum skólum, en vegna sérstöðu námsgreinarinnar og sérkenna ætti að vera mikið öryggi fyrir nemendur skólanna, að kennsla í greininni sé í höndum sérmenntaðra íþróttakennara.

#### Um 3. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er skólinn eins árs skóli og námstíminn 9 mánuðir.

Samkvæmt greininni er lagt til að skólinn verði gerður að tveggja ára skóla, og námstíminn eigi skemmri en 8½ mánuður hvort ár. Þá er gert ráð fyrir að á sumrinu milli hinna tveggja vetra starfi nemendur skólans við íþróttakennslu í 70 kennslustundir.

Nám íþróttakennara hefur tekið miklum breytingum seinustu áratuginna. Náms-efnið hefur verið stóraukið og byggist nú meir og meir á staðreyndum, sem rannsóknir hafa leitt í ljós, auk þess sem íþróttakennarinn þarf að búa yfir góðri líkams-

færni, er krefst þjálfunar yfir lengri tíma. Sífelld er óskað eftir meiri fjölbreytni í íþróttalífið og ber að stefna að því að hver einstaklingur geti fundið íþrótt við sitt hæfi. Auk þess eru gerðar auknar kröfur til þeirra, sem annast þjálfun keppnismanna í íþróttum. Þetta allt leiðir m. a. til þess að lengja verður nám íþróttakennara á Íslandi.

Eftirfarandi greinargerð sýnir inntökuskilyrði og námstíma íþróttakennara í nokkrum löndum:

Danmörk:	9 mán. að loknu stúdents- eða alm. kennaraprófi.
Noregur:	24 mán. að loknu alm. kennaraprófi eða stúdentsprófi.
Svíþjóð:	20 mán. að loknu alm. kennaraprófi eða stúdentsprófi.
Finnland:	18 mán. (— við Háskólann í Helsingfors, 3 háskólaár, 6 þriggja mán. háskólasemester —) + $2 \times \frac{1}{2}$ mán. námskeið að sumarlagi. Þeir áætla námstímann 21 mán.
England:	Skipt á 3 ár um 20 mán. alls.
Samb.lýðv.	
Þýskaland:	Skipt á 3 ár um 24 mán. alls.
Frakkland:	Skipt á 3 ár um 27 mán. alls.
Sovétríkin:	Skipt á 4 ár um 36 mán. alls.

Bandaríkin: Nám til B.A. eða B.S. gráðu skiptist á 4 ár. Sá, sem ná vill M.A. eða M.S. gráðu, bætir við 1 árs námi.

Þá er gert ráð fyrir því að skólinn geti efnt til námskeiða fyrir starfandi íþróttakennara, þar sem endurmenntun fari fram og nýjungar í kennsluháttum verði kynntar. Einnig stuðli skólinn að menntun leiðbeinenda í íþróttum, þ. e. a. s. þeirra manna, er leggja stund á leiðbeinenda- og þjálfarastörf á vegum ungmenna- og íþróttafélaga.

#### Um 4. gr.

Greinin þarfnast í raun og veru ekki skýringar. Þó þykir ef til vill rétt að benda á, að reynslan hefur sýnt, að ekki er heppilegt að nemendur séu yngri en 18 ára.

Einnig er rétt að vekja athygli á, að ýmis hugtök í greininni hljóta að fá í reglugerð nánari skilgreiningu í samræmi við þá reynslu, sem fengizt hefur í nær 40 ára starfi. Bindindissemi á vín og tóbak hefur verið ákveðið krafizt af nemendum allt frá því að Björn Jakobsson hóf að undirbúa nemendur undir íþróttakennara-próf, án vandkvæða, en með þeim árangri, að íþróttakennarar eru yfirleitt bindindis-sinnaðir. Enda er það í fullu samræmi við menntun þeirra.

#### Um 5. gr.

Hér er lagt til, að inntökuskilyrðum verði breytt frá því, sem er í gildandi lögum, enda hefur þróunin verið í þá átt. Miðskólapróf er ekki lengur nægilegt. Undanfarin ár hefur þeim nemendum skólans fjölgað stórlega, sem hafa haft meiri undirbúningsmenntun, þ. e. a. s. hafa áður verið í undirbúningsdeild sérnáms í Kennaraháskóla Íslands, menntaskóla eða hafa haft almennt kennarapróf.

Nú er lagt til, að nemendur skólans hafi lokið prófi frá a) framhaldsdeildum gagnfræðaskóla með ákveðinni lágmarkseinkunn, b) undirbúningsdeild sérnáms í Kennaraháskóla Íslands, c) stúdentsprófi, d) eða almennu kennaraprófi.

Þá er gert ráð fyrir að skólinn hafi heimild til þess að velja nemendur í skólan, sem hafa fyrrgreinda undirbúningsmenntun, eftir sérstakt hæfnipróf eða eftir öðrum matsaðferðum.

Á það skal bent, að með því að samþykkt hafa verið lög um Kennaraháskóla Íslands, leggst undirbúningsdeild sérnáms niður og hið almenna kennarapróf hverfur. Eigi að síður verður á næstu árum fólk á skólaaldri, sem hefur þessa undirbúningsmenntun. Óráðið er með framhaldsdeildirnar við gagnfræðaskólana. Innan tíðar má búast við að stúdentspróf verði gert að skilyrði fyrir inngöngu í íþróttakennara-

skóla Íslands. Með auknum fjölda stúdentna er það sjálfsagt rétt og eðlileg þróun. Ekki er úr vegi, að hugsa sér að samkomulag verði milli Háskóla Íslands og Íþróttakennaraskóla Íslands um það, að íþróttakennarapróf frá Íþróttakennaraskóla Íslands verði metið til stiga, sem hluti af B.A.-prófi. Þá eru einnig hugsanleg einhver tengsl við Kennaraháskóla Íslands.

Undanþáguheimild í e-lið 5. gr. þegar sérstaklega stendur á, er bundin við það, að fyrst eftir að lögin taka gildi verði heimilt að veita umsækjendum t. d. með gagnfræðapróf eða hliðstæða menntun skólavist.

Það ákvæði í 2. lið greinarinnar, að nemandi þurfi að kenna 70 kennslustundir áður en hann hefur nám seinna árið, er hugsað sem reynslutími og æfing fyrir nemandann, sem kemur honum að góðu haldi í framhaldsnáminu. Þá má geta þess, að ekki sízt yfir sumartímam þarfnast íþróttahreyfingin kennara í ríki þess mæli og ætti því að vera fengur að þessu fólki til starfa þótt það hefði aðeins lokið fyrrahluta námi.

Um rétt til þátttöku í námskeiði fyrir leiðbeinendur er tekið fram að þátttakendur skuli vera a. m. k. 18 ára gamlir. Reynslan hefur sýnt, að hæpið er að gera ráð fyrir, að yngri leiðbeinendur nái þeim tókum á kennslunni, sem skólinn gerir kröfu til. Stjórnir félaga þurfa að gefa þeim mönnum meðmæli, sem hugsa til þátttöku í námskeiði fyrir leiðbeinendur. Það er gert til þess að valdir menn ráðist til leiðbeinendastarfa innan íþróttafélaganna, því að víst er að til þeirra starfa þarf vel að vanda.

#### Um 6. gr.

Í núgildandi lögum er mjög ófullkomin upptalning á námsgreinum þeim, sem kenna skal við skólann.

Hins vegar eru í frumvarpi þessu taldar upp þær námsgreinar, sem lagt er til að kenndar verði við skólann. Sá varnagli er þó sleginn, að heimilt sé að fjölga eða fækka kennslugreinum með samþykki yfirstjórnar skólans, án þess að lagabreytingu þurfi til.

Námsefnið er mjög yfirgripsmikið og segir þessi upptalning ekki allt. Ekki væri rétt greint frá, ef sagt væri, að þær námsgreinar sem nú eru taldar upp og ekki er getið í gildandi lögum (IV. kafla laga um menntun kennara, 26. gr.) væru allt nýjar námsgreinar. Vegna kröfu tímans hefur skólinn leitast við að fjölga námsgreinunum. Í sumum greinum hefur aðeins orðið að veita nemendum skólans stutt námskeið. En með lengingu skólans vinnst í þessum efnum tvennt, að taka má upp kennslu í nýjum námsgreinum og stórauka kennslu í þeim greinum, sem þegar eru kenndar.

Athygli skal vakin á námsgreinunum: 1) vinnutækni, en þar er um að ræða fræðslu um rétta heitingu líkamans við hin ýmsu störf; 2) framsögn og fundarstjórn, því komið hefur í ljós, að íþróttakennaranum er oft falin umsjón með íþrótt- og æskulýðsfélögum, og þekking í þessum efnum reynzt nauðsynleg.

Enn fremur skal bent á, að með nýskipan þessara mála er gert ráð fyrir, að á seinna ári geti nemendur samhliða hinu alm. námi valið sér einhverja íþróttagrein, sem kennd er við skólann, og lagt við hana sérstaka rækt til þess að öðlast á henni meiri þekkingu. Kennarar skulu vera nemendum til aðstoðar við sérnámið, eftir því sem fõng eru á. Reynslan hefur sýnt, að oft innritast nemendur í skólann, sem hafa sérstakan áhuga á ákveðinni grein íþróttar fram yfir aðrar. Rétt þykir því að skólinn komi til móts við þennan áhuga nemenda og aðstoði þá við að auka þekkingu sína á greininni. Búast má við að íþróttakennarar, sem numið hafa slíkar sérgreinar, verði mjög eftirsóttir starfsmenn, ekki sízt af íþróttafélögum, sem búa við skort á vel hæfum þjálfurum.

Námsefni fyrir leiðbeinendur skal svo ákveðast í samráði við framkvæmdastjórn Íþróttasambands Íslands, sérsambönd þess og stjórn Ungmennafélags Íslands.

#### Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar, að öðru leyti en því, að lagt er til að lögfest verði sú starfsvenja skólans, þegar námsgrein hefur verið kennd í lotu, að þá megi

ljúka prófi í greininni, þótt á miðjum starfstíma sé. Aðrir skólar hafa nú tekið þennan hátt upp og kalla tímabilin annir.

#### Um 8. gr.

Greinin fjallar um stjórn skólans. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Í gildandi lögum segir, að þriggja manna skólanefnd hafi umsjón með skólanum.

Nú er gert ráð fyrir skólaráði, en það verði skipað skólastjóra, föstum kennurum skólans og fulltrúa úr hópi nemenda.

Skólaráðið verði skólastjóra til ráðuneytis og aðstoðar um daglega stjórn skólans og rekstur hans. Rétt þykir að veita fulltrúa nemenda sæti í skólaráði, ekki sízt vegna þess að skólaráðið á að vera skólastjóra til ráðuneytis um innri málefni skólans og dagleg störf á skólatímanum.

Í þriðja lagi starfi sem áður sérstök skólanefnd, sem sé í hvert sinn skipuð til þriggja ára og í henni eigi sæti þrjú fulltrúar þeirra félagasamtaka, sem mest eru tengd störfum skólans, auk íþróttafulltrúa, en fimmti nefndarmaðurinn sé skipaður af menntamálaráðuneytinu, án tilnefningar og sé hann formaður nefndarinnar.

Nauðsynlegt er talið að slík skólanefnd starfi við hlið skólastjóra og sé honum ráðgefandi um málefni skólans og tengiliður milli þeirra, sem hún fer með umboð fyrir.

Í reglugerð skal síðan kveða nánar á um starfssvið skólaráðs og skólanefndar.

#### Um 9. gr.

Fyrri málsliður greinarinnar þarfnast ekki skýringa.

Í síðari málslið hennar er kveðið á um menntun umsækjenda um kennara-  
stöður við skólann. Efni þessa málsliðar var eigi í fyrri lögum um skólann en er talið nauðsynlegt til samræmingar við kröfur annarra skóla um menntun kennara sinna.

#### Um 10. gr.

Í gildandi lögum er heimild til að ráða tvo fasta starfsmenn við skólann, þ. e. kennara og skólastjóra. Að auki hefur svo starfað við skólann frá 1. okt. 1969 kennari, er haft hefur hálfu kennsluskyldu við Íþróttakennaraskóla Íslands og hálfu við Menntaskólann, og nú á þessu hausti varð eigi hjá því komið að ráða þriðja fasta kennarann að skólanum. Stundakennarar og námskeiðskennarar hafa svo verið ráðnir sérstaklega. Þykir ekki rétt að binda í lögum, hve margir kennarar skuli starfa við skólann.

Þar sem hér er um sérskóla — kennaraskóla í sérgrein — að ræða, sem veita þarf fjölþætta fræðslu innan sérgreinar, hlýtur hann eins og aðrir hliðstæðir skólar að þurfa tiltölulega fjölmennt kennaralið, sem verður að vera sérhæft til kennslu í hinum ýmsu námsgreinum.

Nú hagar svo til, að á Laugarvatni eru þegar starfandi fimm skólar: 1) Barnaskóli Laugardalshrepps, 2) Húsmæðraskóli Suðurlands, 3) Héraðsskólinn á Laugarvatni, 4) Menntaskólinn á Laugarvatni og 5) Íþróttakennaraskóli Íslands.

Ýmiss konar aðstöðu hafa þessir skólar sameiginlega. Svo er t. d. um afnot af íþróttamannvirkjum. Þá eru kennarar, sem kenna við a. m. k. tvo skóla á staðnum. Einnig má benda á að samkvæmt nýlegum lögum um menntaskóla, eru niðlar líkur á, að þeir skólar þurfi að ráða kennara í uppeldis- og sálarfræði. En uppeldis- og sálarfræði er námsgrein við Íþróttakennaraskóla Íslands og í húsmæðraskólum er uppeldisfræði einnig námsgrein. Hugsanlegt er að ráða sameiginlega kennara að þessum þremur skólum. Sama mætti segja um kennslu í nokkrum öðrum námsgreinum.

Með þessari samvinnu eru líkur fyrir að spara megi verulega kennslulaun við skólana á Laugarvatni. Eigi að síður á skólanum ekki verða of þröngur stakkur

skorinn hvað fastráðið kennaralið snertir, þar sem hinir fastráðnu kennarar eru kjölfesta skólahaldsins.

Nýtt er það í þessari grein, að lagt er til að Íþróttakennaraskóli Íslands annist alla íþróttakennslu við skólana á Laugarvatni. Þetta er gert til þess, að hægt sé að velja sérmenntaða kennara í hinum ýmsu greinum íþróttanna til kennslu við Íþróttakennaraskóla Íslands og þá ætti jafnframt að vera kleift að veita nemendum hinna skólanna á Laugarvatni fjölbreytta íþróttakennslu. Með þessu fyrirkomulagi nýtast vafalaust starfskraftar kennaranna betur.

Þar sem tillögur þessar gera ráð fyrir stóraukinni starfsemi Íþróttakennaraskóla Íslands, verður ekki hjá því komizt, að ráða annað starfsfólk að skólanum en kennara, — bent er á húsvörð, er hafi eftirlit með og annist viðhald á eignum skólans, sjái um ræstingu o. þ. h. Sérstakur baðvörður hefur aldrei verið starfandi við íþróttahúsið og sundlaugina á Laugarvatni, þótt notkun þessara mannvirkja sé mjög mikil. Hér þarf úr að bæta og færa til betri vegar.

Við mótuneyti skólans þarf einnig starfsfólk.

Í lögum um menntaskóla er vikið að þessari þörf fyrir starfsfólk, sem vantað hefur við marga skóla.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 13. gr.

Hér er um hliðstætt ákvæði að ræða og er í lögum um menntaskóla.

Kennara við íþróttakennaraskóla er ekki síður nauðsynlegt að fylgjast með nýjungum í kennslugreinum sínum en kennara við önnur skólástig. Þess vegna er lagt til að tekin verði upp í lög skólans heimild fyrir yfirstjórn skólans að veita kennurum orlof til endurmenntunar.

Um 14. gr.

Sú breyting er hér gerð á fyrri ákvæðum, að nú er lagt til að lögfest verði sú venja skólans, að þættir í starfi hans fari fram utan Laugarvatns. Með bættum samgöngum verður þetta auðveldara. Skiðakennsla hefur farið fram við skiðaskála á Hellisheiði eða eins og nú nokkur undanfarin ár á Seljalandsdal í Skutulsfirði eða í Hlíðarfjalli við Akureyri. Hér hefur verið um að ræða 7—10 daga námskeið. Þá hafa verið farnar stuttar skoðunar- og kynnisferðir í skóla í Reykjavík.

Námskeið á vegum skólans fyrir íþróttakennara hafa verið haldin utan Laugarvatns og námskeið fyrir leiðbeinendur í íþróttum hafa farið fram víða um land. Að þessu eru mikil þægindi fyrir þátttakendur og getur verið hagkvæmt fyrir skólann.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 18. gr.

Nauðsynlegt er að nokkur tími gefist til að undirbúa svo miklar breytingar á starfi skólans sem frumvarpið gerir ráð fyrir, svo að lagt er til að lögin komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. okt. 1972.



## Fylgiskjal I.

### ÍPRÓTTAKENNAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 21. október 1971.

Hæstvirtur menntamálaráðherra,  
Magnús Torfi Ólafsson.

Með bréfi dagsettu þann 13. apríl 1971 óskaði menntamálaráðuneytið eftir umsögn Ípróttakennarafélags Íslands (ÍKÍ) um frumvarp til laga um Ípróttakennarskóla Íslands, er lagt var fyrir Alþingi s. l. vor.

Þáverandi stjórn félagsins hélt almennan félagsfund um frumvarpið þann 26. maí s. l. og einnig dreifði hún eintökum af frumvarpinu meðal ípróttakennara.

Nýkjörin stjórn ÍKÍ hefur tekið frumvarpið til rækilegrar athugunar og efndi meðal annars til almenns félagsfundar um frumvarpið þann 25. september s. l. Á þeim fundi var eftirfarandi tillaga samþykkt einróma:

„Almennur fundur í Ípróttakennarafélagi Íslands, haldinn 25. september 1971, skorar eindregið á menntamálaráðherra að koma menntun ípróttakennara í viðunandi horf hið bráðasta. Fundurinn felur stjórn félagsins að semja umsögn um frumvarpið á grundvelli þeirra umræðna er fram fóru á fundinum.“

Stjórn ÍKÍ leyfir sér að minna á, að ÍKÍ hefur í meir en áratug óskað eftir endurbótum á menntun ípróttakennara og stjórnin telur sig geta lýst því yfir, að meginþorri meðlima félagsins sé þeirrar skoðunar, að um langt skeið hafi mikil þörf verið á verulegum breytingum á menntun ípróttakennara.

Stjórnin lítur svo á, að ofangreint frumvarp til laga um Ípróttakennarskóla Íslands feli í sér vissar endurbætur á starfsemi skólans eins og hann hefur starfað til þessa og beri þá einkum að nefna þá breytingu á skólanum, er fyrirhuguð er samkvæmt frumvarpinu, að námstími skólans lengist úr 9 mánuðum í 18.

Stjórnin dregur mjög í efa, að þær breytingar á skólanum, er frumvarpið gerir ráð fyrir, séu nægjanlegar til að koma menntun ípróttakennara í viðunandi horf og getur því ekki lýst yfir stuðningi sínum við frumvarpið, heldur telur nauðsynlegt að ítarleg endurskoðun á því fari fram hið bráðasta og áður en það verður tekið til umræðu á ný á Alþingi. Þessu til stuðnings leyfir stjórnin sér að benda á, að sérstaklega þurfi að endurskoða þær greinar frumvarpsins er fjalla um hlutverk og stjórn skólans, námsgreinar, inntökuskilyrði og staðsetningu skólans að Laugarvatni. Í þessu sambandi vill stjórnin taka fram, að hún telur að staðsetning skólans að Laugarvatni hafi ýmsa ókosti í för með sér og geri til að mynda skólanum illmögulegt að fá sérmenntaða kennara til starfa. Það er skoðun stjórnarinnar, að við endurskoðun á frumvarpinu beri að athuga gaumgæfilega hvort ekki væri ákjósanlegra að menntun ípróttakennara fari fram við Kennaraháskóla Íslands.

Um leið og stjórn ÍKÍ óskar eindregið eftir endurskoðun á ofangreindu frumvarpi til laga um Ípróttakennarskóla Íslands, lýsir hún sig reiðubúna til að taka þátt í þeirri endurskoðun og leyfir sér að leggja til að Ípróttasamband Íslands, Ungmennafélag Íslands og Samtök íslenskra kennaranema fái hlutdeild í þeirri endurskoðun.

Virðingarfyllt,

f. h. Ípróttakennarafélags Íslands,  
Ingimar Jónsson.

Ípróttakennarafélag Íslands.  
Form. Dr. Ingimar Jónsson.  
Hrísateig 20, Rvík.

Þessi umsögn stjórnar ÍKÍ um frumvarp til laga um Íþróttakennaraskóla Íslands var lögð fyrir almennan félagsfund í ÍKÍ þann 14. október s. l. og samþykkt þar einróma.

Reykjavík, 21. okt. 1971.

f. h. stjórnar Íþróttakennarafélags Íslands,  
Ingimar Jónsson.

## Fylgiskjal II.

### SAMTÖK ÍSLENZKRA KENNARANEMA

Reykjavík, 27. okt. 1971.

Þann 16. apríl s. l. barst Samtökum íslenzkra kennaranema beiðni frá menntamálaráðuneytinu um umsögn um frumvarp um Íþróttakennaraskóla Íslands.

Fulltrúaráð S.Í.K.N. vísaði málinu til íþróttakennaranema. Þeir ræddu málið oft og við ýmis tækifæri. Leitað var áhlits nokkurra íþróttakennara og fræðimanna um ýmis atriði.

Í helztu dráttum var það skoðun manna, að nú horfði vel um menntun íþróttakennara með hliðsjón af lengingu skólans úr einu ári í tvö. En frumvarp þetta væri þó ekki nema áfangi í rétta átt. Þróun skólans verði að halda áfram.

Á fundi sínum 18. okt. s. l., samþykkti fulltrúaráð S.Í.K.N. umsögn um frumvarpið.

Í umsögninni kemur fram, að fjölmargt má betur fara og betur ræða. Má þar nefna atriði eins og inntökuskilyrði, námsgreinar og próf, stjórn skólans og starfsmenn, auk staðsetningar skólans að Laugarvatni.

Farið var fram á, að frumvarpið verði tekið til endurskoðunar og að S.Í.K.N. taki þátt í þeirri endurskoðun.

Endurskoðuninni verði hraðað.

Fyrir hönd S.Í.K.N.

Guðmundur Guðmundsson,  
formaður.

Haukur Sveinsson,  
fulltrúi Í.K.Í.

Samtök íslenzkra kennaraskólanema.

Reykjavík, 18. okt. 1971.

Til menntamálaráðuneytisins.

16. apríl s. l. óskaði ráðuneytið eftir umsögn S.Í.K.N. um frumvarp til laga um Íþróttakennaraskóla Íslands. Um einstakar greinar frumvarpsins vilja samtökin leggja til eftirfarandi viðbótar- og breytingartillögur:

#### I. kafli.

Tilgangur, réttindi og deildarskipting.

##### 1. gr.

Íþróttakennaraskóli Íslands skal búa nemendur sína undir kennslustörf í íþróttum, sjúkrahjálpi, líkams- og heilsufræði í skólum. Einnig skal hann búa nemendur sína undir kennslu í íþróttum og félagsstörfum hjá stofnunum og félögum, sem mælt er fyrir í lögum þessum og reglugerð samkvæmt þeim.

Skólinn skal reglulega efna til námsskeiða fyrir íþróttakennara og leiðbeinendur.

Ath. 1. gr.

Hér er felld niður umferðarkennsla í skólum. Þar teljum við þyngst á metunum, að vel megi halda á kennslu í íþróttافرæðum eigi að gera henni viðunandi skil á tveimur árum. Úr 3. gr. er færð síðasta setning um námskeið, en þau teljum við eitt af hlutverkum skólans.

S.Í.K.N. áskilur sér rétt til að flytja viðbótartillögur síðar um 1. gr., t. d. varðandi rannsóknarstarfsemi skólans.

2. gr.

Sama.

3. gr.

Íþróttakennaraskóli Íslands er tveggja ára skóli. Náms tími hvort skólaár skal eigi vera skemmri en 8½ mánuður að viðbætti íþróttakennslu í 70 kennslustundir yfir sumarmánuðina. Hefur skólinn umsjón með sumarvinnunni.

Ath. 3. gr.

Síðasta setningin á að tryggja það, að allir nemendur skólans fái nægilega marga kennslutíma, en það er skilyrði þess, að hægt sé að gera þessa kröfu.

II. kafli.

Inntökuskilyrði, námsgreinar og próf.

Ath. II. kafla.

Í þessum kafla eru nokkuð mörg atriði, sem við erum ósátt við og önnur, sem þarfnast athugunar. Kaflinn endurreitaður gæti hljóðað svo:

4. gr.

Inntaka nemenda er í höndum skólaráðs.

Inntökuskilyrði varðandi undirbúningsmenntun:

1. a) Almennit kennarapróf.  
b) Stúdentspróf.  
c) Próf frá undirbúningsdeild sérnáms í K.Í.  
d) Próf frá framhaldsdeild gagnfræðaskóla.
2. Annað nám, ef skólaráð telur það jafngilt og mælir með því, en skólanefnd fellst á það.
3. Heimilt er skólanum að úrskurða um skólavist nemenda með hliðsjón af hæfnisprófi, eða öðrum matsaðferðum, en fullnægja skulu þeir ákvæðum þessarar greinar. Ákveða má í reglugerð lágmarkseinkunnir. Heimilt er að binda fjölda nemenda við einhverja hámarkstölu í reglugerð.
4. Sama og 2. liður í 5. gr.
5. Sama og 3. liður í 5. gr.

Ath. 4. gr.

Varðandi inntökuskilyrði setjum við menntunarskilyrði efst á blað. Gegn hugsanlegri tortryggni vegna inntöku nemenda, er eðlilegast, að skólaráð fjalli um umsóknir. Varðandi 1. d) teljum við þá, sem útskrifast úr tækni- og hjúkrunarkjörsviði, jafnhæfa menntunarlega og þá, sem útskrifast úr uppeldiskjörsviði. Í reglugerð þarf þó að ákveða, hvort próf úr framhaldsdeild gagnfræðaskóla miðist við 5. eða 6. bekk. Viðbótin skýrir sig sjálf.

5. gr.

Almenn inntökuskilyrði.

1. Nemandi sé heilbrigður og vel hæfur til íþróttaiðkana.
2. Nemandi sé eigi yngri en 18 ára á því ári, sem hann hefur nám.

3. Nemandi skal vera reglusamur. Eigi skal hann haldinn neinum kvilla er öðrum geti að meini orðið, né öðrum þeim ágalla, er að dómi skólaráðs hamli skólavist.
4. Heimilt er að meta þátttöku umsækjanda í íþróttum eða félagsstörfum, sem jafngildi náms, en þó skal 4. gr. vera ríkjandi yfir 5. gr.

#### Ath. 5. gr.

Í stað a) og c) liða 4. gr. komi 3. liður hér að ofan. Við teljum vel hæfa, að íþróttakennarar eigi að vera bindindissinnaðir, en slíkt fæst alls ekki með setningu lagabókstafs eins og reynslan styður.

Í seinni tíð hafa námsmenn krafizt þess, að félagsstarfsemi jafngildi námi, sbr. ályktun þings framhaldsskólanema í febr. 1971. Okkur þykir það sanngjarnt, auk þess sem þátttaka í íþróttum má oft teljast jafngild. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

#### 6. gr.

1. Stefnt skal að því að gera námsefni skólans þriþætt: Kjarna, kjörsvið og valgreinar.

**Kjarninn** er það námsefni, sem sameiginlegt er öllum nemendum skólans. Skal hann vera 70% námsefnis.

**Kjörsvið** er það námsefni, greinar eða greinaflokkar, sem nemendur geta valið sér. Skal það vera 20% námsefnis.

**Valgreinar** eru allt það námsefni hvers nemanda, sem eigi telst til kjarna eða kjörsviðs nemanda. Nemandi verður að geta unnið að valgreinum án sérstakrar kennslu, en skal velja sér þær í samráði við skólustjóra. Skulu þær vera 10% námsefnis.

Heimilt er stjórn skólans að breyta þessu vægi námsþátta. Kveðið skal á um námsgreinar í reglugerð.

2. Skólanefnd ákveður námsefni námsskeiða fyrir leiðbeinendur og íþróttakennara.

#### Ath. 6. gr.

Með þessari grein viljum við auka fjölbreytni í námi. Teljum við, að skólanum beri að veita kennslu í öllum greinum íþróttá, sem stundaðar eru innan vébanda Í.S.Í. Það gefur þó auga leið, að enginn einn getur náð valdi á öllum þeim greinum og þykir því rétt að taka upp kjörsvið. Þar gætu nemendur valið t. d. boltaleiki, frjálsar íþróttir, sund, áhaldaleikfimi, júdó og glímu, dansa og „rythmik“ sem kjörsvið.

Valgreinar leggur nemandi sérstaka rækt við og öðlast þannig meiri þekkingu en almennt er tilskilið. Gætu t. d. verið ein grein frjálsra íþróttá, ákveðin þættir lífeðlisfræði eða íþróttasögu o. s. frv.

Í upphafi greinarinnar segir, að stefnt skuli að því o. s. frv. Þar er varnagli sleginn, vegna þess að kjörsvið og önnur námsskipting takmarkast við þekkingu þeirra kennara, sem starfa við skólann hverju sinni. Þótt æskilegast sé, að flestir kennarar skóla séu fastráðnir, á það tæplega við um jafnfámennan sérskóla og þennan. Kennslan verður að miðast við það, að skólinn geti útskrifað nemendur, sem eru færir um að taka að sér þjálfun íþróttamanna í hinum ýmsu greinum. Hlýtur því kennslan að byggjast að verulegu leyti á sérmenntuðum stundakennurum.

Ekki teljum við hafa þýðingu að telja upp námsgreinar í lögum þessum, m. a. af ofangreindum ástæðum og af því, að fjöldi þeirra er vaxandi og/eða breytilegur. S.Í.K.N. áskilur sér rétt til breytinga á þessari grein.

#### 7. gr.

1. Próf skulu fara fram í lok hvors skólaárs. Skólaráði er þó heimilt að ákveða próf í einstökum greinum á öðrum tíma. Ljúka má námi í einstökum greinum fyrra skólaárs. Skulu einkunnir í þeim greinum skráðar á íþróttakennarapróf-skirteini. Í reglugerð skal kveðið á um námsefni til prófs. Skal þar miðað við,

að vægi einkunna sé í réttu hlutfalli við vinnu nemanda og kennslustundafjölda í hverri grein.

Við lokapróf skulu prófdómarar skipaðir af menntamálaráðuneytinu að fengnum tillögum skólaráðs.

2. Próf skulu fara fram í lok hvers námsskeiðs fyrir leiðbeinendur. Viðkomandi sersamband skipar þar prófdómara með samþykki skólastjóra.

Nánar skal kveðið á um próf í reglugerð.

#### Ath. 7. gr.

Afleiðing 6. gr. er m. a. sú, að próf skuli tekið í valgreinum. Þó er ekki eðlilegt, að prófað sé í öllum greinum, sem kenndar eru, og fer þar fyrst og fremst eftir eðli kennslu og stundafjölda.

Vægi einkunna miðist við umfang vinnu nemanda, t. d. í valgrein eða kennslustundafjölda hlutfallstölu. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

### III. kafli.

#### Stjórn og starfsmenn skólans.

##### 8. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.

Skólaráð skal þannig skipað: Skólastjóri formaður, einn fulltrúi fastra kennara, einn fulltrúi lausráðinna kennara og tveir fulltrúar nemenda. Hlutverk skólaráðs er að vera skólastjóra til aðstoðar um stjórn skólans og rekstur auk annarra starfa, skv. lögum þessum. Skólastjóri stjórnar fundum, kveður skólaráð til funda reglulega og auk þess, þegar einhver fulltrúi í skólaráði óskar. Kjörtímabil skólaráðs er eitt ár.

Skólanefnd skal þannig skipuð: Tveir tilnefndir af Í.S.Í. og U.M.F.Í., einn tilnefndur af Íþróttakennarafélagi Íslands, Íþróttafulltrúi ríkisins og einn tilnefndur af nemendum. Hlutverk skólanefndar er að vera skólastjóra til ráðuneytis og aðstoðar um málefni skólans auk annarra starfa skv. lögum þessum. Kjörtímabil skólanefndar er þrjú ár, nema nemenda eitt ár.

Ákveða skal nánar í reglugerð starfssvið skólaráðs og skólanefndar.

##### Ath. 8. gr.

Lögð er til breyting á skipan skólaráðs og skólanefndar og er þar gert ráð fyrir áhrifum nemenda á stjórn skólans. Er hér um mjög hógværar kröfur og sanngjarnar að ræða. Teljum við nemendur þessa skóla nægilega ábyrga eftir eitt ár í námi til að hafa áhrif á skólann og þar með sína eigin menntun. Öll slæg vinnubrögð skóla bitna fyrst og fremst á nemendum sjálfum. Meðalaldur nemenda þessa skóla verður að líkindum yfir tvítugu og því meiri hluti þeirra talinn nægilega ábyrgur til að kjósa við alþingiskosningar. Er því ekki hægt að bera við ábyrgðarleysi nemenda í þessum störfum. Aðrar breytingar skýra sig sjálfar.

##### 9. gr.

Sama, nema í stað skólastjóra neðstu línu komi skólaráð og skólanefnd.

##### 10. gr.

Sama, nema í stað skólastjóra 4.1. komi skólaráð.

##### 11. gr.

Sama.

##### 12. gr.

Sama, nema í stað skólastjóra 3.1. komi skólaráð.

13. gr.

Sama. (Sjá þó athugasemd).

Ath. 13. gr.

Nokkur hættu er á, að kennarar „einangrist“ í sínu sérfagi að Laugarvatni. Væri því æskilegra, að fastur kennari fái ársleyfi á 5 ára fresti til að endurmennta sig eða styrktur til að sækja sumarnámskeið. Víst er, að breytingar í íþróttfræðum eru örur og því engin goðgá að setja þetta ákvæði í lög.

IV. kafli.

Ýmis ákvæði.

14. gr.

Sama. (Sjá þó athugasemd).

Ath. 14. gr.

S.Í.K.N. áskilur sér rétt til endurskoðunar á staðsetningu skólans að Laugarvatni.

15. gr.

Sama.

16. gr.

Sama.

17. gr.

Sama.

Um athugasemdir við frumvarpið.

Þar þarf að breyta því, sem brýtur í bága við framangreind breytingarákvæði og bæta við samsvarandi athugasemdum við viðbótartillögur.

Greinargerð.

Fulltrúaráð Samtaka íslenzkra kennaraskólanema fól nemendum Íþróttakennarskóla Íslands, veturinn 1970—1971, að vinna að fyrrgreindu lagafrumvarpi.

Eftir að téð frumvarp hafði verið endurskoðað s. l. vetur, var eintökum af því dreift meðal nemenda skólans. Fóru fram umræður og fundir um frumvarpið. Auk þess var leitað álits íþróttakennara og leiðtoga ýmissa, svo og samanburður tekinn við lög um Kennaraháskóla Íslands og lög um menntaskóla.

Mikill einhugur var um þau atriði, sem lögð eru til breytinga og viðbótar. Voru menn ánægðir með það, að nú loksins horfði til breytinga á skólanum úr einu ári í tvö. Þótt margt sé gott í frumvarpinu, bera þó breytingartillögurnar með sér, að fjölmargt megi betur fara og betur ræða.

S.Í.K.N. vill vekja athygli á, að frumvarp þetta er ekki nema skref í rétta átt og að þróun geti strax haldið áfram. Sem markmið hlýtur að teljast, að skólinn hafi möguleika á að útskrifa kennara með ekki minni menntun en krafizt er til almenns kennaranáms.

S.Í.K.N. leggur til að frumvarp þetta verði tekið til endurskoðunar strax og henni hraðað. Þar ættu að bera saman ráð sín m. a. S.Í.K.N., Íþróttakennarafélag Íslands, Í.S.Í. og U.M.F.Í.

Reykjavík, 18. október 1971.  
f. h. S.Í.K.N.

Guðmundur Guðmundsson,  
formaður.

Haukur Þ. Sveinsson,  
fulltrúi Íþróttakennaraskólanema.